

28. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 24. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968 og öðlast gildi 1. janúar 1976.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. október 1975.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Fylgiskjal.

Lög og reglugerðir, er varða framkvæmd reglugerðar þessarar.

L Ö G :

Lög um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968.

Lög um öryggisráðstafanir á vinnustöðum nr. 23/1952.

Lyfsöluög nr. 30/1963, sbr. breyting á þeim lögum nr. 70/1971.

Lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 12/1969.

REGLUGERÐIR :

Reglugerð um starfssvið og starfshætti eiturefnanefndar nr. 273/1969.

Reglugerð um búnað og rekstur lyfjabúða nr. 151/1968.

Reglugerð um notkun og hann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna nr. 129/1971, sbr. og reglugerð um breyting á þeirri reglugerð nr. 5/1973.

Reglugerð um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna nr. 131/1971.

Reglugerð um eiturefni og hættuleg efni til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra nr. 132/1971.

Heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972.

Reglugerð um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna nr. 164/1972.

Reglugerð um gerð íláta undir hættuleg efni og merkingu þeirra nr. 91/1974.

Reglugerð um flokkun eiturefna og hættulegra efna nr. 93/1974, sbr. og reglugerð um breyting á þeirri reglugerð nr. 6/1975.

Reglugerð um íblöndun nítíta og nítрата í kjöt, kjötvöru og aðrar sláturafurðir nr. 243/1974.

Nr. 456.

17. október 1975.

REGLUGERÐ

um sérstakt línu- og netaveiðisvæði út af Faxaflóa.

1. gr.

Frá útgáfu reglugerðar þessarar til 31. desember 1975 eru allar veiðar með botn- og flötvörpu hannaðar á svæði út af Faxaflóa sem markast af línu dreginni 20 sjómíliur réttvísandi vestur frá Garðskagavita, þaðan í norður átt í punkt 64° 20' N og 23° 36' V og þaðan í réttvísandi austur.

2. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varðar brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 102 27. desember

1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni eða samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni svo og samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. október 1975.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Arnmundur Backman.

Nr. 457.

REIKNINGUR

Lánasjóðs sveitarfélaga 1969.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1969.

Tekjur:

Óafturkræf framlög:

Ríkissjóður	kr.	4 500 000.00	
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	—	15 000 000.00	
		<hr/>	kr. 19 500 000.00
Vextir og lántökugjöld	—	6 935 437.79	
		<hr/>	Kr. 26 435 437.79

Gjöld:

Laun og ýmis starfsmannaútgjöld	kr.	678 175.60	
Ýmis rekstrargjöld	—	302 159.00	
Vextir og lántökugjöld	—	2 667 408.55	
Tekjur umfram gjöld 1969	—	22 787 694.64	
		<hr/>	Kr. 26 435 437.79

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1969.

Eignir:

Sjóður	kr.	60 250.50	
Bankainnstæður	—	6 219 127.62	
Ýmsar innstæður	—	2 508 759.00	
Skuldabréfaeign	—	88 648 332.40	
Innbú og lausafé	—	288 959.90	
		<hr/>	Kr. 97 725 429.42